

Sp. 245. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]
um ráðstafanir til verndar íslenska erninum.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Gunnar Gislason, Jón Skaftason,
Birgir Kjaran.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera þegar ráðstafanir í samráði við sérfróða menn í náttúrufræði, er helzt mættu verða til að koma í veg fyrir, að íslenski örninn verði aldauða.

- Meðal þeirra ráðstafana, er til greina geta komið í þessu skyni, er t. d.:
1. Athugun verði gerð á hreiðurstöðum og hversu margir ernir muni enn vera til í landinu.
 2. Ráðnir verði eftirlitsmenn, er sjái um, að friðunarlögum, að því er snertir erni við hreiður, sé hlýtt.
 3. Greiddar verði fébætur þeim bændum, er verða fyrir skaða af völdum arna við hreiður.
 4. Athugað verði gaumgæfilega um leiðir til að draga úr og afstýra þeim háska, sem fugli þessum stafar af eitrun fyrir svartbak, refi og minka.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttum við þingsályktunartillögu, er gekk í svipaða átt og þessi till. Hún náði þá ekki fram að ganga. Þar segir m. a.:

„Talið er, að 10 eða 11 arnarpör hafi verið við hreiður hér á landi síðastliðið sumar, og byggist það á athugun náttúrufræðinga. Gizkað er á, að allur stofninn sé milli 30 og 40 fuglar. Viðkoman er lítil, og mun sjaldan lifa nema einn ungi úr hreiðri og oft enginn. Veldur því ófrjósemi og einnig hitt máske, að hreiðrin séu eyðilögð stundum af mannavöldum. Ernir hafa lengi verið alfriðaðir, en fækkað þó, og má nú engu muna, að litill stofn deyi út með öllu. Háar fésektir liggja að vísu við, ef erni er grandað. En þrátt fyrir það er vísu fyrir, að þeir falla árlega af mannavöldum, enginn veit þó hve mikið. Á fyrri hluta þessarar aldar eyddist þessi fugl mjög af eitri (stryknin), sem þá var horið út fyrir refi og fugla. En hrafninn kunni betur að gæta sín fyrir þeim vélum en konungur fuglanna, en svo hefur þessi tígulegi fugl verið nefndur með réttu. Örn er að vísu ekki talinn nytja-fugl og er óboðinn gestur í grennd við æðarvörp og víðar. Þarf því þegnskap til, sem mjög er óvarlegt að treysta, að alls staðar sé fyrir hendi, þar sem hann heldur sig við hreiður, og undarlegt, ef enginn fellur í þá freistni að stytta honum aldur í gremju, ef hann er staðinn að skemmdarverkum, en fyrir þau fá bændur engar skaðabætur. Hvergi er eftirlit með, að friðunarlögunum sé hlýtt, aðeins sektar-ákvæði, sem eru gagnslítill. Sé það alvara þjóðfélagsins að standa gegn því, að þessi fágæti og tilkomumikli fugl deyi út í landinu á svipaðan hátt og geirfuglinn forðum, er óhjákvæmilegt að taka til nýrra ráða, stofninn er í bráðri hættu.

Eins og fyrr er sagt, gekk refaeitrun mjög nærri erninum um aldamót og í aldarbyrjun. Og enn er eitrad fyrir refi og fleiri dýr, meira að segja fyrir lagt af sjálfu ríkisvaldinu samkvæmt lögum um eyðingu refa og minka. Um gagnsemi af þeirri eitrunarskyldu eru mjög skiptar skoðanir. Að vísu mun þó ekki vera eitrad fyrir refi, þar sem ernir eru við hreiður, en það er aðeins við Breiðafjörð og á Vestfjörðum. Er það bót í máli og virðingarvert, það sem það nær. En á þessum slóðum mun þó vera eitrad fyrir svarthak, og getur það verið stórhættulegt erninum. Á hitt er svo einnig að líta, að fuglinn flýgur út frá vissum aðalstöðvum og slangrar eitthvað um allt land og getur hitt á eitrad hræ í öðrum landshlutum. Öll eitrun með stryknini er stórkostlega hættuleg og varhugaverð, t. d. vinnur refaeitrun eitthvað á fálkanum, sem tekur eitradar rjúpur. En fálkinn er önnur fuglategundin til, sem er í hættu.

Benda má á þrennt, sem helzt virðist tiltækilegt að gera til verndunar erninum, og getur þó verið um fleira að ræða:

1. Búa verður betur um hnútana en er, svo að honum verði ekki eytt með skotum eða á annan laumulegri hátt, t. d. við hreiður, þar sem talið er að hann valdi tjóni. Hægt mundi vera að setta bændur þar við nábyli hans með fé-bótum í einhverju formi.
2. Afstýra verður því, að hann farist af eitri til síðasta fugls.
3. Vinna þarf að því að breyta hugsunarhætti fólks, þar sem ernir ala aldur sinn, á þá leið, að mönnum skiljist, hvað er í húfi.“

Ekki liggja fyrir skýrslur um það, hve mörg arnarhreiður hafi verið á landi hér s. l. vor og sumar. En margt bendir á, að þeim hafi fækkað frá því 1961. Og fregnir berast um það, óljósar þó, að örfáir ungar aðeins hafi komið upp. Vísu er og fyrir, að eitthvað af örnum hefur farizt af eitri, sem út hefur verið horið. Má því hiklaust gera ráð fyrir, að stofninn hafi enn gengið saman. Haldi svo áfram sem horfir, að þessum fágæta og tígulega fugli sé eytt með eitri af vanhyggju og jafnvel á annan hátt af ásettu ráði, er sýnilegt, að hann verður aldauða á landi hér innan fárra ára.

Það er hverri þjóð sómi að vernda dýraríki sitt sem bezt, en ósómi að eyða því og spilla, hvað þá aleyða tegundum, jafnvel þótt ótígulegri séu en sjálfur konungur fuglanna.

Von er enn, að bjarga megi þessari merkilegu fuglategund á fremstu nöf, ef við er brugðið skjótt og myndarlega. Þar má ekki horfa í fyrirhöfn né heldur lítils háttar fémuni, ef því er að skipta.